

## Erindisbréf vísindanefndar háskólaráðs

*Samþykkt breytt 2. júní 2016, endurskoðun samþykkt í háskólaráði 1. júní 2017*

Vísindanefnd er skipuð formönnum vísindanefnda fræðasviða Háskóla Íslands. Aðstoðarrektor vísinda er formaður nefndarinnar, skipaður af rektor án tilnefningar. Við skipun nefndarinnar skal gætt að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Komi til þess, eftir að formenn og varaformenn vísindanefnda fræðasviða hafa verið skipaðir, að kynjahlutföll í vísindanefnd háskólaráðs samræmist ekki jafnréttislögum, ákveður rektor að höfðu samráði við forseta fræðasviða hvaða varaformenn einstakra vísindanefnda fræðasviða taki sæti í vísindanefnd háskólaráðs í stað formanns. Heimilt er að skipta þeirri ráðstöfun á milli fræðasviða á skipunartíma nefndarinnar, þó gildi hún ávallt eigi skemur en eitt háskólaár í senn. Ef formaður vísindanefndar fræðasviðs er deildarforseti tekur varaformaður viðkomandi nefndar sæti í vísindanefnd háskólaráðs. Auk þess er einn fulltrúi stúdenta í nefndinni úr hópi doktorsnema. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn.

Hlutverk vísindanefndar er mótun stefnu á sviði vísinda við Háskóla Íslands. Hlutverk hennar er jafnframt að efla rannsóknastarfsemi við Háskólann og vera háskólaráði og rektor til ráðuneytis.

### Verkefni vísindanefndar háskólaráðs eru:

1. Að vera rektor, háskólaráði og háskólaþingi til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að rannsóknum og vísindastefnu háskólans;
2. að stuðla að umræðum og málþingum um rannsóknir í samráði við rektor;
3. að stuðla að því, í samvinnu við vísindanefndir fræðasviða, að framkvæma markmið *Stefnu Háskóla Íslands á hverjum tíma* er lúta að rannsóknum, nýsköpun og framhaldsnámi;
4. að tilnefna kennara eða sérfræðinga vegna árlegrar viðurkenningar fyrir lofsverðan árangur í rannsóknum;
5. að stuðla að samvinnu milli fræðasviða og deilda Háskóla Íslands um þverfræðilegar rannsóknir;
6. að sinna öðrum málum sem rektor, háskólaráð eða háskólaþing kunna að fela nefndinni;

Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs er ritari nefndarinnar. Vísinda- og nýsköpunarsvið annast almenna skrifstofuþjónustu fyrir vísindanefnd og sér um dagleg störf á hennar vegum.